

Greinargerð faglegs ábyrgðarmanns Aflsins

Undirrituð hefur nú í rúma fjóra mánuði starfað hjá Aflinu sem handleiðari ráðgjafa og stjórnar. Um er að ræða samtals tæplega 60 klukkustundir við handleiðslu til þessara aðila en hluti af starfinu er einnig að taka faglega ábyrgð á starfsemi Aflsins og styðja við faglega þróun.

Ég er menntaður fjölskyldufræðingur, með 26 ára reynslu af einstaklings- para- og fjölskyldumeðferð og viðbótarsvið í handleiðslu. Á þessum árum hef ég haft marga skjólstæðinga í meðferð vegna reynslu þeirra af ofbeldi af öllu tagi en auk þess hef ég handleitt margar starfsstéttir í erfiðum störfum, s.s. félagsráðgjafa í barnaverndarmálum, kynferðisbrotamálum og öðrum ofbeldismálum, lögreglumenn, presta og sjúkraflutningsmenn, svo einhverjir séu nefndir.

Ráðgjafar Aflsins veita fyrstu hjálp og ráðgjöf, en þegar kemur að meðferðinni þá vísa þau skjólstæðingum á sálfræðinga, fjölskyldufræðinga, geðlækna eða aðra þá sem um framhaldsmeðferð eru færir, ef þurfa þykir. Stjórn Aflsins sér fyrst og fremst um öflun fjármagns fyrir starfsemina, reikningshald samtakanna, ásamt almennri stjórnun þeirra. Stjórn og ráðgjafar hafa notið minnar handleiðslu við ýmsar skilgreiningar á verkefnaskiptum og við tilfærslu verkefna.

Mitt hlutverk gagnvart ráðgjöfum felst í því að vera þeim innan handar í erfiðum málum, leita með þeim lausna fyrir þau sjálf og skjólstæðingana eftir því sem við á. Halda utan um þau faglegu vinnubrögð sem ber að viðhafa og auka við þekkingu á viðbrögðum við líkamlegu sem andlegu áfalli. Ráðgjafar Aflsins eru sannarlega einn af mikilvægustu hlekkjunum í málefnum þeirra sem verða fyrir áfalli vegna ofbeldis. Ég tek faglega ábyrgð á störfum ráðgjafanna, sé um að þeir geti aflað sér meiri þekkingar, fer yfir málin með þeim (með leyfi skjólstæðinganna) og fer yfir kvartanir með þeim ef einhverjar berast.

Slysadeildin á SAK, lögreglan á Akureyri og nágrenni, læknar, prestar, ásamt almenningi, gera sér ljósa grein fyrir mikilvægi Aflsins þegar kemur að viðbrögðum og úrvinnslu á ofbeldi og því kemur Aflið að flestum slíkum málum sem upp koma á Norðurlandi. Traust þessara fagstétta er mikið til Aflsins, sem sýnir sig best í mikilli aðsókn skjólstæðinga sem sendir eru frá þeim.

Með aðkomu minni að Aflinu hef ég fengið tækifæri til að afla mér reynslu og þekkingar á því hvernig fyrsta hjálp er veitt þeim sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Ég er full aðdáunar við að sjá og heyra hvernig ráðgjafar samtakanna mæta skjólstæðingum af mikilli hlýju og festu og hvernig þau stöðugt bera saman bækur sínar, aðstoða hvert annað við úrlausnir og til frekari þekkingar. Þau vinna vel saman sem hópur, hvetja hvert annað og deila reynslu sinni.

Virðingarfyllst,

Bryndís Símonardóttir

fjölskyldufræðingur/handleiðari